



Viðtakandi: Innviðaráðuneytið

Sendandi: Reykjavíkurborg

Reykjavík, 13. október 2025

MSS25090113

UMSÖGN

Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 (endurskoðun sveitarstjórnarlaga)

Í samráðsgátt stjórnvalda er til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á sveitarstjórnarlögum og fylgir umsögn Reykjavíkurborgar um einstök atriði frumvarpsins hér á eftir.

Framsal valds til fullnaðarafgreiðslu

Í 24. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á ákvæði 42. gr. sveitarstjórnarlaga um framsal á valdi til fullnaðarafgreiðslu einstakra mála. Til að taka af allan vafa bendir Reykjavíkurborg á mikilvægi þess að tekið sé fram í ákvæðinu eða eftir atvikum í athugasemdum við það í greinargerð frumvarpsins að í framsali á heimild til fullnaðarafgreiðslu einstakra mála felist eðli málsins samkvæmt einnig framsal á heimild til afturköllunar á sömu ákvörðunum.

Reikningsárið og bókhaldsskylda - staða sveitarstjórnarlaga gagnvart reikningsskilum

Í frumvarpinu er með 27. gr. lögð til breyting á 1. mgr. 59. gr. sveitarstjórnarlaga. Breytingin í frumvarpinu er til þess fallin að kveða á með skýrum hætti um stöðu sveitarstjórnarlaga sem sérlaga við gerð ársreikninga sveitarfélaga og að þau gildi framar almennum lögum og reglum um reikningsskil. Reykjavíkurborg hefur hingað til túlkað 61. gr. sveitarstjórnarlaga með þessum hætti og fagnar því að með frumvarpinu sé tekinn af allur vafi á því að lögin standi framar til að mynda lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, enda er það í samræmi við túlkun endurskoðenda sem farið hafa með endurskoðun ársreikninga Reykjavíkurborgar sem dæmi.

Flokkun í bókhaldi og reikningsskilum – nýr hluti

Í frumvarpinu er í 28. gr. lögð til breyting á 1. mgr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, þ.e. að til verði nýr hluti, C-hluti, við flokkun félaga í eigu sveitarfélaga. Jafnframt er með skarpari hætti skilgreint hvar sjóðir og félög í eigu sveitarfélagsins skuli færð, í A-hluta, B-hluta eða C-hluta. Tillagan í frumvarpinu er til þess fallin að skerpa á því hvaða starfsemi fellur beint undir sveitarstjórn (A-hluti) og að starfsemi sem færð hafa verið í sérstök félög, byggðasamlög eða önnur félög með ótakmarkaða ábyrgð sveitarfélagsins séu færð í B-hluta. Flokkunin tengist síðan fjármálareglum sveitarstjórnarlaganna, 64. greininni, þar sem skýrt er kveðið á um afmörkun þeirra við reikningsskil A-hluta annars vegar og samantekin reikningsskil A- og B-hluta hins vegar.

Með því að afmarka A-hluta við sjóði sem lúta beinni stjórn sveitarstjórnar og færa í B-hluta byggðasamlög sem hafa sérstaka stjórn skipuð fulltrúum aðildarsveitarfélaga og önnur félög sem eru í ábyrgð sveitarfélaga verður stjórnsýsluleg meðhöndlun félaganna skýrari og fjárhagsleg yfirsýn skarpari. Fjárframlög til byggðasamlaga sem sinna



Reykjavík



lögskyldum verkefnum og fjármögnuð eru með skatttekjum eru færð sem útgjöld í A-hluta og birtist kostnaður þeirra þar sem hlutfall af skatttekjum með eðlilegum hætti.

Við flokkun fyrirtækja í C-hluta sem eru með takmarkaða ábyrgð sveitarfélagsins og falla undir skilyrði þess að vera fjármögnuð með tekjum af viðskiptum á markaði er unnt að láta þau standa utan fjármálareglanna. Það er mat Reykjavíkurborgar að þessi breyting muni skerpa á aðhaldi fjármálareglanna enda eigi stór fyrirtæki sem starfa á markaði, eins og Orkuveita Reykjavíkur sem dæmi, ekki heima undir fjármálareglum sveitarfélaganna. Núverandi staða gagnvart sveitarstjórnarlögum, sem kveða aðeins á um A- og B-hluta og gildissvið fjármálareglna, getur haft neikvæð áhrif á og hamlað eðlilegri framþróun og vexti fyrirtækja sem starfa á markaðsforsendum óháð stöðu og þróun hefðbundins reksturs sveitarfélags.

Reykjavíkurborg bendir á mikilvægi þess að skýra í reglugerð, sem boðuð er af hendi ráðherra, þau skilyrði sem félög þurfa að uppfylla til að flokkast í C-hluta.

Ársreikningur - samantekin reikningsskil

Með 29. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 61. gr. sveitarstjórnarlaga, þ.e. að mælt verði með skýrum hætti fyrir um gerð samantekinna reikningsskila fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald í stað samstæðureiknings, til samræmis við þá reikningsskilaaðferð sem viðtekin og viðurkennd venja er fyrir.

Í reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, sem sett er á grundvelli sveitarstjórnarlaga eru samantekin reikningsskil skilgreind sem „sameinuð reikningsskil A- hluta og B-hluta“. Breytingin í frumvarpinu er til þess fallin að eyða óvissu sem skapast hefur vegna áreksturs við almenn ákvæði í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, enda skulu hefðbundin samstæðureikningsskil, samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga, síðan gilda að svo miklu leyti sem við á.

Fjármálastefna, fjármálaáætlun og fjárheimildir

Í 30.-32. gr. frumvarpsins eru lagðar til umfangsmiklar breytingar á 62. gr. og 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Í umræddum ákvæðum frumvarpsins er mælt fyrir nýju ákvæði um skyldu sveitarfélaga til að setja sér „fjármálastefnu“ í upphafi kjörtímabils. Þar skuli sett fram markmið um rekstur, eignir, skuldir og langtímaskuldbindingar til næstu fimm ára. Stefnan er hugsuð sem mikilvægt stjórnþæki fyrir kjörna fulltrúa, stjórnendur og starfsfólk sveitarfélagsins. Hún er til þess fallin að auka ábyrgð kjörinna fulltrúa á því að langtímamarkmið um rekstur og afkomu sveitarfélagsins séu ávallt höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku og dregur úr líkum á skammtímaákvörðunum sem geta verið andstæð stefnu sveitarfélagsins til lengri tíma.

Reykjavíkurborg setti fram fjármálastefnu í fyrsta sinn í lok árs 2020. Stefnan var upphaflega til 10 ára til að tryggja viðbrögð við efnahagssamdrætti og atvinnuleysi sem þá blasti við. Stefnan var endurskoðuð árið 2022 og gildir tímabilið 2023 til 2027. Gert er ráð fyrir að hún verði endurskoðuð eftir kosningar 2026 og að ný stefna gildi á næsta kjörtímabili. Fjármálastefnan hefur reynst stjórnendum og kjörnum fulltrúum Reykjavíkurborgar mikilvægt stjórnþæki, þar sem settir eru fram fjárhagslegir mælikvarðar um afkomu, kostnaðarþróun, lántökur og skuldaviðmið. Þá eru í stefnunni settar fram skýrar áherslur um forgangsroðun fjárfestinga og megináherslur um aðgerðir til að ná árangri í rekstri. Reykjavíkurborg styður því eindregið að skylda til gerðar fjármálastefnu verði færð inn í sveitarstjórnarlögin.



Að sama skapi er lýst stuðningi við skyldu um gerð „fjármálaáætlunar til fimm ára“ og að næsta árs áætlun fái hugtakið „fjárheimildir“. Það er fyllilega í anda þess verklags sem Reykjavíkurborg hefur tamið sér. Það er sérstaklega mikilvægt að festa í sessi þann skilning að samþykktur fjárhagsrammi sviða og stofnana sé bundinn fjárheimild sem afmarkar heimildir stjórnenda til fjárútláta innan ársins.

Viðmið um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga.

Í 33. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fjármálareglum sveitarfélaganna, sem birtast í 64. gr. sveitarstjórnarlaga, kenndar við jafnvægis- og skuldareglu. Megininntak breytinganna er að nú verði horft til A-hluta sérstaklega hvað varðar þriggja ára jafnvægisviðmið í rekstri og lagt til að heildarskuldir og skuldbindingar A-hluta séu ekki hærri en sem nemur 110% af reglulegum tekjum. Þá er lagt til að áfram verði horft til þriggja ára jafnvægis í samanteknum rekstri sjóða og félaga sem flokkast í A- og B-hluta og að heildarskuldir og skuldbindingar þeirra séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum að teknu tilliti til undantekninga sem ráðherra er heimilt að setja með reglugerð.

Rökin fyrir því að setja sérstakar fjármálareglur fyrir A-hluta eru samkvæmt greinargerð með frumvarpinu þau að „[...] mikilvægt er að tryggja að fjárhagsstaða hans sé á hverjum tíma nægjanlega traust til að standa undir lögskyldri starfsemi sveitarfélaga“. Bent er á að „[...] rekstur A-hlutans felur að jafnan ekki í sér jafnmikla fjárbindingu og starfsemi hefðbundinna B-hluta félaga“. Reykjavíkurborg getur að nokkru leyti tekið undir þau rök sem hér eru sett fram. Það skal þó á það bent að skuldir sveitarfélaga hafa á síðasta áratug lækkað umtalsvert eftir að viðmið um 150% skuldaviðmið var lögfest með sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Þannig hefur lögfesting fjármálareglnanna haft jákvæð áhrif á rekstur sveitarfélaga. Áform frumvarpsins þess efnis að ætla að lækka skuldaviðmiðið niður í 110% fyrir A-hluta getur reynst sveitarfélögum erfitt, þar sem enn eru nokkur þeirra yfir því viðmiði, þrátt fyrir aðhald og markvissar aðgerðir til að lækka skuldir og halda þeim innan viðeigandi marka. Það getur sérstaklega reynt á þetta viðmið þegar sveitarfélag er í miklum vexti, mögulega langt umfram landsmeðaltal og þrýstingur mikill á innviðauppbyggingu til að sinna lögskyldri þjónustu við íbúa sveitarfélagsins. Að mati Reykjavíkurborgar skortir rökstuðning fyrir því að þrengja kröfur gagnvart A-hluta sveitarfélaganna sem og að fullnægjandi greiningar hafi verið unnar á þeim áhrifum sem það getur haft á rekstur þeirra til lengri tíma lítið. Þannig getur hert ákvæði haft áhrif á getu sveitarfélaganna til þess að fjármagna sig og þrengt að þeim í samningum við lánastofnanir. Övissa ríkir til að mynda um afgreiðslu Lánasjóðs sveitarfélaga á lánsúmsóknum sveitarfélaga sem eru á mörkum viðmiðsins en eðlilega er skylt að líta til fjármálareglna sveitarfélaga við afgreiðslu á lánsúmsóknum þeirra. Geta neikvæð áhrif hertra skilyrða rekið sveitarfélög út í dýrari fjármögnun með auknum álögum á íbúa.

Gangi þessi breyting eftir þarf að horfa með heildstæðum hætti til fjármögnunar á rekstri sveitarfélaga. Í ljósi þessa leggur Reykjavíkurborg afar ríka áherslu á að tekjustofnar sveitarfélaga standi á hverjum tíma undir þeirri þjónustu sem sveitarfélaginu er gert að veita samkvæmt lögum. Er þess skemmst að minnast á þjónustu við fatlað fólk sem að mati Reykjavíkurborgar hefur enn ekki verið fjármögnuð með fullnægjandi hætti af hálfu ríkisins þrátt fyrir góða samninga sem þegar hafa verið gerðir. Í þessu sambandi er vert að geta þess að hallarekstur einstakra málaflokka kemur niður á veltufé frá rekstri sem aftur þrýstir á auknar lántökur til að standa undir uppbyggingu innviða.

Það er mat Reykjavíkurborgar að 110% skuldaviðmið fyrir A-hluta geti gengið og sveitarfélög eigi að öllu jöfnu að geta við það unað, þó með þeim fyrirvörum sem hér eru





fram settir. Þessi breyting mun þó vafalítið útheimta sérstakar aðgerðir gagnvart nokkrum fjölda sveitarfélaga, sem ríkið getur þurft að taka tillit til við innleiðingu laganna.

Ítrekað er mikilvægi þess að tekist sé á við reiknaða liði í rekstri í reglugerð ráðherra (reglugerð 502/2012 um fjárhagleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga), svo sem er varðar breytingu á lífeyrisskuldbindingum sem sveiflast alla jafna í takt við kjarasamninga með tilheyrandi áhrifum á afkomu. Reykjavíkurborg telur rétt í því sambandi að í frumvarpinu verði tekin af öll tvímæli um að 2. mgr. þriðju málsgreinar 64. gr. laganna eigi bæði við um jafnvægis- og skuldareglu. Er það í samræmi við þær tillögur sem þriðji vinnuhópur um endurskoðun sveitarstjórnarlaganna lagði fram en hefur ekki ratað inn í frumvarp laganna. Með vísan til þessa telur Reykjavíkurborg að breyta þurfi orðalagi ákvæðisins og leggur til að það verði svohljóðandi:

„Þar skal jafnframt heimilt að undanþiggja nánar tilgreinda rekstrarliði, skuldir eða skuldbindingar einstakra sveitarfélaga þannig að þær hafi engin eða aðeins hlutfallsleg áhrif.

Er með þessari tillögu á orðalagsbreytingu tryggt að í ákvæðinu sé átt við bæði jafnvægis- og skuldareglu.

Ábyrg meðferð fjármuna og miklar fjárfestingar og skuldbindingar

Með 34. gr. og 35. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 65. gr. og 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Mikilvægt er að skýrt sé betur hvað telst til áhættulítilla fjárfestingarkosta og að tekið sé fram að ekki sé um að ræða tæmandi upptalningu, t.d. væri hægt að vísa í samþykkt sveitarstjórna fyrir heimild til fjárfestingar í einstökum eignaflokkum. Sem dæmi um fjárfestingarkosti sem sveitarfélög nota jafnan í lausafjárstýringu eða við ávöxtun fjármuna til lengri tíma og eru ekki taldir upp í frumvarpinu eru meðal annars peningamarkaðsinnlán í viðskiptabönkum, víxlar útgefnir af bönkum og lausafjárstöðir svo nokkur dæmi séu tekin. Reykjavíkurborg tekur jafnframt undir að mikilvægt sé að sveitarfélögum séu sett skýr mörk um áhættufjárfestingar og fjárfestingar í hagnaðarskyni eins og hér er gert.

Nýtt ákvæði um skilyrði þess að sveitarfélag geri mat á áhrifum fjárfestinga, framkvæmd, lántöku, veitingu ábyrgða eða annarra skuldbindinga sem fara yfir 10% af skatttekjum sveitarfélagsins á komandi fjárhagsári getur verið íþyngjandi fyrir lítil sveitarfélög sem hafa fáa starfsmenn í fjármálum og/eða stjórnsýslu. Það er þó mat Reykjavíkurborgar að ákvæðið sé til þess fallið að bæta ákvarðanatöku og fjármálastjórn. Kveðið er á um heimild til þess að ekki þurfi að leita til ytri aðila við matið, sem aftur leggur ríkari kröfur á sveitarfélagið um fagleg vinnubrögð og fyrirsjáanleika.

Heimild til að gangast í ábyrgðir.

Með 36. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 69. gr. sveitarstjórnarlaga um heimildir sveitarfélaga til að gangast í ábyrgðir. Reykjavíkurborg telur jákvætt að í frumvarpinu sé lögð til skýr heimild fyrir lánveitingar sveitarfélaga til félaga og stofnana sem eru að öllu leyti í opinberri eigu vegna lögákveðinna verkefna þeirra. Þessu ákvæði verður þó að fylgja sú breyting að fjármagnstekjuskattur vegna lánveitinga milli félaga í þessum tilgangi verði afnuminn, enda kemur sú skattlagning í veg fyrir það hagræði sem tillögunni er ætlað að skapa. Reykjavíkurborg hefur margsinnis bent á þetta enda er um að ræða skattlagningu sem hefur það einvörðungu í för með sér að færa mögulegan ávinning frá hinu opinbera til fjármálastofnana.



Reykjavík



Reikningsskila- og upplýsinganefnd.

Í 39.-45. gr. frumvarpsins er lögð til sameining reikningsskila- og upplýsinganefndar og eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga í eina nefnd. Reykjavíkurborg gerir ekki athugasemdir við tillögu þar að lútandi en bent er á mikilvægi þess að hlutverk nýrrar nefndar sé skýrt og vel afmarkað og að reglur nefndarinnar og viðmið styðjist með skýrum hætti við sveitarstjórnarlögin og fjármálareglur þeirra og séu auk þess aðgengileg og samþykkt af ráðherra. Gagnsæi og fyrirsjáanleiki eru sveitarfélögunum mikilvæg við fjármálastjórn þeirra.

Staðfesting ráðuneytisins á samþykkt og samningum

Í frumvarpinu er lagt til að felld verði úr sveitarstjórnarlögum ákvæði um nauðsyn staðfestingar ráðuneytisins á samþykkt um stjórn, stjórnsýslu og fundarsköp sveitarfélaga og samningum um samstarf sveitarfélaga, sbr. 4. gr. og 50. gr. frumvarpsins. Þess í stað er lagt til að ráðuneytinu verði veitt heimild í 67. gr. frumvarpsins til þess að fella úr gildi einstaka ákvæði samþykktar, eða einstaka ákvæði slíks samnings eða samninginn í heild. Að mati Reykjavíkurborgar er það fyrirkomulag sem nú er við lýði betra en það sem lagt er til í frumvarpinu. Er enda fyrirséð að það yrði bagalegt fyrir sveitarfélag komi í ljós að einstök eða fleiri ákvæði samþykktar þess eða samnings sem það hefur gert verði af einhverjum ástæðum talið vera ólöglegt eftir gildistöku ef það hefði verið hægt að koma í veg fyrir það með yfirferð þeirri sem er undanfari staðfestingar ráðuneytisins. Að mati Reykjavíkurborgar væri ákjósanlegra að viðhafa óbreytt fyrirkomulag þannig að ráðuneytið hafi áfram það verkefni að yfirfara og staðfesta samþykktir og samstarfssamninga sveitarfélaga áður en þessi skjöl taka gildi.

Upplýsingar um málefni sveitarfélags

Með 57. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 2. mgr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga þess efnis að upplýsingagjöf um áætlanir sem sveitarfélag hefur til meðferðar og ákvörðunar og varða þau með almennum hætti sem og einstök mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið skuli eiga sér stað með hæfilegum fyrirvara áður en mál eru fullnaðarafgreidd nema nauðsyn krefjist hraðari málsmeðferðar og skal þá getið um ástæður þess við afgreiðslu málsins. Í athugasemd við 57. gr. í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að til þess að tryggja það að markmið ákvæðisins náist þurfi að kveða skýrar á um skyldu sveitarfélaga til að veita upplýsingar um veigamikil mál og áætlanir með eðlilegum fyrirvara. Frá þessu megi þó víkja þegar sérstakar aðstæður kalla á skjótari afgreiðslu máls.

Reykjavíkurborg leggst ekki gegn því að mælt verði fyrir um í lögum um skyldu sveitarfélaga til upplýsingagjafar en telur þó vera óljóst af tillagðri breytingu á 2. mgr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga hvernig sveitarfélög eigi að fullnægja þeim áskilnaði að veita upplýsingar áður en fyrrgreindar ákvarðanir eru teknar.

Almennt stjórnsýslueftirlit með sveitarfélögum

Samkvæmt 61. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 109. gr. sveitarstjórnarlaga um stjórnsýslueftirlit ráðherra. Í 2. mgr. 61. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting að kveða á um með skýrari hætti um þá þætti í starfsemi sveitarfélaga er ráðherra hefur ekki eftirlit með. Að mati Reykjavíkurborgar er það til gagns. Þó, til að taka af allan vafa, mætti mæla einnig fyrir um í 6. tölul. að undanþegin eftirliti sveitarfélaga sé einnig stjórnsýsla sveitarfélaga sem öðrum stjórnvöldum er falið að taka ákvarðanir um. Það myndi að mati Reykjavíkurborgar betur ná markmiði ákvæðisins en af umfjöllun í athugasemd við ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu er ljóst að ákvæðinu er einnig ætlað að taka til stjórnvalda er taka ákvarðanir í málefnum sveitarfélaga.





Hlutverk og úrræði fjárhaldsstjórnar

Í frumvarpinu eru ekki lagðar til efnislegar breytingar á 89. gr. sveitarstjórnarlaga um hlutverk og úrræði fjárhaldsstjórnar. Í 3. mgr. 89. gr. er kveðið á um að fjárhaldsstjórn geti ákveðið einhliða að leita nauðasamninga fyrir sveitarfélag sem fyrir liggur að er og verður um ófyrirséða framtíð ófært um að standa í skilum við skuldbindingar sínar. Reykjavíkurborg telur afar æskilegt að umrætt ákvæði verði fellt úr lögnum, enda skýrt að sveitarfélag verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta, sbr. 71. gr. sveitarstjórnarlaga. Þannig orki ekki tvímælis að sveitarfélög hafi skýra skyldu til að standa við gerða lánasamninga og þar með komi hvorki til nauðasamninga né gjaldþrotaskipta. Á það er bent að í sveitarstjórnarlögum er að finna margvísleg úrræði fyrir sveitarfélög sem stöðu sinnar vegna hafa verið tekin undir fjárhaldsstjórn. Ákvæðið getur haft neikvæð áhrif á vaxtakjör sveitarfélaga og almenna stöðu þeirra gagnvart lánveitendum.

Mat á fjárhagslegum áhrifum

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 129. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi mat á fjárhagslegum áhrifum stjórnarfrumvarpa, stjórnvaldsfyrirmæla eða annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu ríkisins. Að mati Reykjavíkurborgar fela flestar tillagðar breytingar í ákvæðinu í sér réttarbót fyrir sveitarfélög en þó með þeim fyrirvara að þrátt fyrir að orðalag ákvæðisins sjálfs kveði áfram á um að mat skuli fara fram á fjárhagslegum áhrifum þeirra réttarheimilda er til stendur að setja að þá er engu að síður nú kveðið á um í athugasemd við ákvæðið í greinargerð með frumvarpi laganna að sú skylda sem felist í ákvæðinu taki í raun einungis til mats þegar það teljist liggja ljóst fyrir að sveitarfélög hafi orðið fyrir eða muni verða fyrir greinilegum fjárhagslegum áhrifum. Þannig virðist skyldan ekki eiga við í því tilviki þegar fyrir liggur að sveitarfélög kunni að verða fyrir óverulegum fjárhagslegum áhrifum. Ljóst má vera að það kann að vera álitaefni hvort fyrirhuguð setning réttarheimildar eða ákvörðun kunni að fela í sér áhrif sem séu verulegs fjárhagslegs eðlis. Því er brýnt að skylda ráðherra til að láta fara fram sérstakt mat á fjárhagslegum áhrifum sé algild og ekki einvörðungu bundin við mat á verulegum fjárhagslegum áhrifum.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,



Ebba Schram
borgarlögmaður



Reykjavík